



## STARFLÝSING FYRIR SVIÐSSTJÓRA SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

---

**Staða:** Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Stjórnsýsla:** Skóla- og frístundaráð.

**Yfirmaður:** Bæjarstjóri.

**Undirmenn:** Starfsmenn skóla- og frístundasviðs.

---

### Meginviðfangsefni:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs (hér eftir nefndur sviðsstjóri) hefur yfirstjórn á þeim verkefnum sem undir hans svið heyra, s.s. málefni grunn-, leik- og tónlistarskóla, forvarnamál, æskulýðs-, tómsunda- og íþróttamál, daggæslu barna og samstarf Akraneskaupstaðar við hagtengda aðila.

Meginhlutverk skóla- og frístundasviðs er að veita börnun og fjölskyldum þjónustu sem hefur velferð barna að leiðarljósi. Hlutverk sviðsins er að veita öllum börnum tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs. Sviðið veitir stoðþjónustu stofnana sem tilheyra skóla- og frístundasviði og öðrum sviðum og stofnunum Akraneskaupstaðar. Sviðsstjóri starfar með skóla- og frístundaráði og vinnur að verkefnum samkvæmt ákvæðum erindisbréfs skóla- og frístundaráðs og samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjóra.

Sviðsstjóri er yfirmaður þeirra deilda og stofnana er heyra undir skóla- og frístundaráð Akraneskaupstaðar. Stjórnskipulega heyrir starfið undir skóla- og frístundaráð. Sviðsstjóri hefur umsjón og eftirlit með því að lögum um leik- og grunnskóla og frístundastarfi sé framfylgt ásamt ákvörðunum bæjarstjórnar, bæjarráðs, skóla- og frístundaráðs og bæjarstjóra í umboði bæjarstjórnar.

Hann hefur umsjón og eftirlit með að framkvæmd laga og reglugerða sem gilda um starfsemi sveitarfélagsins og falla undir skóla- og frístundaráð sé framfylgt. Sviðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og faglegri starfsemi sviðsins og stofnanna sem undir það heyra. Erindisbréf skóla- og frístundaráðs Akraneskaupstaðar gildir um meginviðfangsefni starfsins, eftir því sem við á.

### Starfsskyldur:

Sviðsstjóri skal vinna samkvæmt þessum samþykktum og reglum:

- ♦ Lögum og reglugerðum um leik- og grunnskóla og frístundastarf.
- ♦ Samþykkt bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar um stjórn og fundarskög nr. 696/2013.
- ♦ Erindisbréfi sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.
- ♦ Erindisbréf skóla- og frístundaráðs.
- ♦ Stefnumótun um gildi og framtíðarsýn Akraneskaupstaðar.



- ♦ Skólastefna Akraneskaupstaðar.
- ♦ Velferðastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Mannréttindastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Atvinnumálastefnu Akraneskaupstaðar.
- ♦ Öðrum samþykktum og reglum um stjórn og starfshætti í stjórnarsýslu Akraneskaupstaðar sem bæjarstjórn staðfestir og varða verksvið starfsins.

#### Helstu verkefni:

- ♦ Hefur eftirlit með því að lögum um leik- og grunnskóla og frístundastarfi sé framfylgt.
- ♦ Vinnur að því að stofnanir og deildir er heyra undir hann uppfylli hlutverk sín og vinni að markmiðum þeim er bæjarstjórn setur á hverjum tíma.
- ♦ Er ráðgefandi aðili við bæjarstjóra um þau málefni er undir hann heyra.
- ♦ Vinnur að langtímaáætlunum varðandi þau málefni er undir hann heyra.
- ♦ Vinnur að starfs- og fjárhagsáætlunum stofnana og deilda sviðsins og veitir aðhald varðandi fjárhagsstöðu þeirra.
- ♦ Leggur fram erindi til skóla- og frístundaráðs er varða starfsemi sviðsins.
- ♦ Gerir tillögur til bæjarstjóra og skóla- og frístundaráðs varðandi stjórnskipulag.
- ♦ Sér um að hinar ýmsu starfsreglur innan sviðsins séu endurskoðaðar reglulega.
- ♦ Er ábyrgur fyrir virku upplýsingaflæði til forstöðumanna sem heyra undir sviðið.
- ♦ Annast önnur þau verk er bæjarstjóri felur honum.

#### Réttindi og skyldur:

Sviðsstjóri hefur réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í samræmi við það sem kjarasamningar, lög og reglur kveða á um á hverjum tíma. Hann skal gæta trúnaðar í öllum málum sem hann vinnur að og helst sá trúnaður eftir að viðkomandi lætur af störfum.

Samþykkt á fundi skóla- og frístundaráðs Akraness þann 4. febrúar 2020.

Samþykkt á fundi bæjarstjórn Akraness þann 10. mars 2020.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,  
  
Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri